



Borgarráð


Ráðhúsinu
101 REYKJAVÍK

Reykjavíkurskáknot

Á fundi menningar-, íþróttá- og tólmstundaráðs 14. desember 2020 voru samþykkt drög að samningi við Skáksamband Íslands til tveggja ára, 2021 og 2022 vegna Reykjavíkurskáknots.

Í fjárhagsramma ÍTR er gert ráð fyrir fjárveitingu vegna þessa samnings.

Menningar-, íþróttá- og tólmstundaráð samþykkti að mæla með því við borgarráð að samningurinn verði samþykktur.


Ómar Einarsson.

Reykjavíkurborg kt. 530269-7609 Ráðhúsi Reykjavíkur, 101 Reykjavík, hér eftir nefnd styrkveitandi annars vegar og Skáksamband Íslands kt. 580269-5409, hér eftir nefndur styrkþegi hins vegar, gera með sér svohljóðandi

SAMNING

1. gr.

Til að styðja við kostnað af mótshaldi við Reykjavíkurskáknot mun styrkveitandi veita styrkþega árlegan styrk að fjárhæð kr. 4.000.000.- á tímabilinu 2021 til 2022. Samtals nemur fjárhæðin kr. 8.000.000.- á samningstímanum.

2.gr.

Styrkur styrkveitanda samkvæmt samningi þessum er veittur til stuðnings við Reykjavíkurskáknot árin 2021 og 2022.

Einnig er fyrirhugað að mótið 2021 verði jafnframt EM einstaklinga í skák.

3. gr.

Á öllu kynningarefni styrkþega skal koma fram að þeir njóti styrks frá Reykjavíkurborg.

4. gr.

Við lok samningstímans skulu styrkþegar skila ítarlegri greinargerð til Reykjavíkurborgar þar sem fram kemur hvernig styrknum var ráðstafað á hverju ári sem og ársreikningur eftir því sem við á. Skáksambandið skal árlega leggja fram yfirlit yfir iðkendafjölda í skákhreyfingunni, eftir aldri og kyni.

Samkvæmt styrkjareglum Reykjavíkurborgar skulu styrkþegar hafa kynnt sér styrkjareglur, siðareglur og verkferla, og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og fylgja þeim við framkvæmd hins styrkta verkefnis.

5. gr.

Greiðslur samkvæmt samningi þessum skulu fara fram í febrúar á ári hverju og verður greiddur á reikning nr. 101-26-12763, kt. 580269-5409.

6.gr.

Gildistími samnings þessa er frá undirritun hans til 1. desember 2022. Hvor aðili um sig getur þó sagt samningnum upp með þriggja mánaða fyrirvara. Greiðslur samkvæmt samningi þessum eru jafnframt háðar ákvörðunum í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar ár hvert.

7. gr.

Ef sýnt þykir að framlag styrkveitanda hafi verið notað í öðrum tilgangi en samningur þessi eða væntingar styrkveitanda standa til, eða ef styrkþegar uppfylla ekki ákvæði samningsins að öðru leyti, áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að krefjast endurgreiðslu framlagsins að hluta að öllu leyti og rifta samningnum.

8. gr.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum.

Undirritaðir aðilar staðfesta samning þennan með undirritun sinni í votta viðurvist og staðfesta að þeir hafa fullt umboð til að skuldbinda samningsaðila í samræmi við ákvæði hans.

Reykjavík,

2020.

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Skáksambands Íslands.

Vottar að réttri dagsetningu og undirritun: